



Umhyggja

FÉLAG TIL STUÐNINGS LANGVEIKUM BÖRNUM



HEIMSÓKN
TIL VIKTORÍU LINDAR
SEM ER LANGVEIKT BARN

Sjónarhóll sinnir ráðgjafarþjónustu
fyrir börn með sérþarfir
Ísland dregur vagninn í
norrænni samvinnu

2. TBL. 12. ÁRG. 2008

FJÓRÐUNGI BREGÐUR TIL FÓSTURS - ERFÐARÁÐGJÖF Á LANDSPÍTALANUM

AÐILDARFÉLÖG UMHYGGJU

Barnageð, félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga

Formaður: Margrét Ómarsdóttir
Sími: 695 5200
Netfang: barnaged@barnaged.is
www.barnaged.is

Barnahópur Gigtarfélagins

Formaður: Linda B. Bragadóttir
Sími: 568 7693. GSM: 863 1861
Netfang: lbb@simnet.is

Breið bros - samtök aðstandenda barna fædd með skarð í vör og góm

Formaður: Ólafur Jónsson
Sími: 564 2296. Netfang: oj@vis.is
www.breidbros.is

Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki

Formaður: Hálfán Dorsteinsson
Sími: 897 4345
Netfang: halfdan@setbergsskoli.is
www.dropinn.is

Einstök börn - félag til stuðnings börnum með sjaldgæfa alvarlega sjúkdóma

Sími: 568 2661. GSM: 699 2661
Netfang: einstokborn@einstokborn.is
Starfsmaður á skrifstofu:
Freyja Haraldsdóttir
Formaður: Auður Árnadóttir
GSM: 8958661
Netfang: melanora@torg.is
www.einstokborn.is

Fimir fætur - foreldrafélag barna með klumbufætur

Sími: 552 4242
www.tv.is/klumbufaetur

Foreldradeild Blindrafélagins

Formaður: Inga Dóra Guðmundsdóttir
Sími: 659 2769
Netfang: inga@blind.is
www.blindborn.is

Foreldrafélag barna með axlarklemmu

Formaður: Sigrún Jóna Sigmarsdóttir
Sími: 481 2857 GSM: 698 2857
Netfang: siggisigrun@internet.is
www.axlarklemma.is

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardauffra

Formaður: Kristín Ármannsdóttir
GSM: 698 8427
Netfang: kristinarm@rimsaskoli.is
www.fsfh.is

Hetjurnar - félag aðstandenda langveikra barna á Norðurlandi

Formaður: Helen Sif Jónsdóttir
Sími: 868 7410
Netfang: hetjurnar@simnet.is
www.hetjurnar.is

Lauf - Landssamtök áhugafólks um flogaveiki

Sími: 551 4570
Netfang: lauf@vortex.is
Formaður: Dórlákur Hermannsson
GSM: 896 5432.
Netfang: klois@simnet.is
www.lauf.is

Lind - félag um meðfædda ónæmisgalla

Formaður: Júlíana Hansdóttir
Sími: 566 8701. GSM: 696 7144.
Netfang: lind@onaemisgallar.is
Netfang: julianah@simnet.is
www.onaemisgallar.is

Neistinn - styrktarfélag hjartveikra barna

Sími: 552 5744. Fax: 562 9150
GSM: 899 1823
Netfang: neistinn@neistinn.is
Formaður: Guðrún Bergmann
Franzdóttir Sími: 557 5629.
GSM: 690 4027
Netfang: gudrun@hartaheill.is
www.neistinn.is

Perthes

Sími: 552 4242
www.internet.is/annaz/perthes

PKU félagið á Íslandi, félag um arfgenga efnaskiptagalla

Formaður: Halldór Snorrason
Sími: 587 9915.
Netfang: hasn@simnet.is
og hasn@flugger.is
www.pku.is

SKB - Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna

Sími: 588 7555 og 588 7559
Fax: 588 7272. Netfang: skb@skb.is
Framkvæmdarstjóri: Óskar Örn
Guðbrandsson
Sími (vinna): 588 7555. GSM: 897 8974
Netfang: oskar@skb.is
Formaður: Gunnar Ragnarsson
Sími (heima): 554 1206
Sími (vinna): 552 2136 GSM: 821 4012
Netfang: gr@byko.is
www.skb.is

Spegillinn - Hagsmuna-, Forvarnar- og fræðslusamtök um átröskunarsjúk- dómanna anorexiu og bulemiu nervosa

Formaður: Katrín Sif Sigurgeirsdóttir
Sími: 661 0400/895 7892
GSM: 659 0818
Netfang: spegillinn@spegillinn.is
www.spegillinn.is

Tourette-samtökin á Íslandi

Sími: 840 2210
Netfang: tourette@tourette.is
Formaður: Sigrún Gunnarsdóttir
Sími: 553 6164 GSM: 866 4433
Netfang: sigrun.gun@gmail.com
www.tourette.is



NÚ ER MIKILVÆGT AÐ DJAPPA SÉR SAMAN OG SÝNA STUÐNING



Ég hef áður sagt frá draumi mínum um að hægt verði að leggja Umhyggju niður. Það verði ekki lengur þörf fyrir slíkan félagsskap. Ég hef líka viðurkennt að þetta sé því miður bara fjarlægur draumur. Dótt ýmislegt hafi áunnist á undanförunum árum til verulegra bóta fyrir langveik börn og aðstandendur þeirra, þá er jafnframt mjög margt sem enn vantar uppá. Umhyggja og aðildarfélag hafa beitt sér fyrir úrbótum og bent á fjölmörg atriði sem bæta þurfi úr. Auk atriða sem varða þjónustu við langveik börn almennt og afmarkaða hópa þeirra hefur baráttan meðal annars snúist um að tryggja réttlátari endurgreiðslur kostnaðar og rétt foreldra til að vera hjá og annast langveik börn sín.

Á tímum eins og þeim sem nú ganga yfir þjóðina er mikilvægt að fólk þjappi sér saman og sýni hvert öðru stuðning. Stuðningur við fjölskyldur langveikra barna er ekki síður mikilvægur nú en áður. Ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur leitt til þess að Alþingi og ríkisstjórn leita nú logandi ljósi að leiðum til að draga úr ríkisútgjöldum og auka tekjur. Fyrirtæki eru í þrengingum og fjöldi fólks að missa vinnuna. Ein af tekjuöflunarleiðunum sem boðuð hefur verið er innritunargjöld á sjúkrahús, þurfi sjúklingar að leggjast inn, og jafnframt hefur verulegur niðurskurður verið boðaður á fjárframlögum til sjúkrahúsanna. Ekki virðist því mikil von til að verulegar framfarir verði í fjárhagsmálum og öðrum aðstæðum aðstandenda langveikra barna á næstu misserum.

Umhyggja og aðildarfélagin hafa notið mikils velvilja almennings og fyrirtækja í landinu, sem styrkt hafa starfsemi félaganna með fjárframlögum og með öðrum hætti. Ómögulegt væri að halda úti virkri starfsemi ef slíkra framlaga nyti ekki við. Nú eru hinsvegar blikur á lofti varðandi tekjuöflun félaganna, enda hefur þrengst í búi hjá mörgum velunnurum. Það er þó einlæg von mín að ekki verði svo veruleg skerðing á tekjustreymi Umhyggju að starfsemi hennar verði hætta búin. Sjaldan er eins mikil þörf fyrir félag af þessu tagi og einmitt við þær aðstæður sem við búum við í dag.

Ágúst Hrafnkelsson, formaður Umhyggju

Nú eru hinsvegar blikur á
lofti varðandi tekjuöflun
félaganna, enda hefur
þrengst í búi hjá mörgum
velunnurum.

Forsíðumyndina tók Jónatan Grétarsson heima hjá Viktoríu Lind og systur hennar tveimur, þeim Idu Maríu og tvíburasysturinni Emiliönu.

2. tbl. 12. árgangur 2008

TÍMARIT UMHYGGJU

Útgefandi: Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum.
Framkvæmdastjóri Umhyggju og ábyrgðarmaður blaðsins:

Ragna K. Marinósdóttir

Stjórn Umhyggju: Ágúst Hrafnkelsson formaður, Leifur Bárðarson varaformaður, Hákon Hákonarson gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir ritari, Guðni Hreinsson, Óskar Örn Guðbrandsson og Rósa Einarssdóttir meðstjórnendur.

Ritnefnd: Rósa Einarssdóttir. Leifur Bárðarson og Ágúst Hrafnkelsson
Ritstjórn: Fríða Björnsdóttir (fridabjornsdottir@gmail.com) og
Vala Ósk Bergsveinsdóttir (valaosk@gmail.com)
Útlitshönnun: Ivan Burkni
Auglýsingar: Markaðsmenn
Prentun: Litlaprent
Skrifstofa Umhyggju er að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík; Sími 552 4242; Fax 588 9272; GSM 863 4243 Netfang: umhyggja@umhyggja.is; Heimasíða: www.umhyggja.is
Óheimilt er að nota efni úr blaðinu nema heimildar sé getið.

2. tbl. 12. árgangur 2008

EFNI BLAÐSINS

4-6 Fjórðungi bregður til fósturs
- eftir Vigdís Stefánsdóttur erfðaráðgjafa.

7 Knattspyrnukappinn
Hermann styrkir Umhyggju

8-9 Þjónusta Sjónarhóls nær
til alls landsins
- Rætt við Guðriði Hlíf Aðalsteinsdóttur,
framkvæmdastjóra Sjónarhóls.

10-11 Ráðgjafar Sjónarhóls aðstoða
foreldra við að leita leiða og finna lausnir
- Rætt við Hrefnu Haraldsdóttur,
ráðgjafa hjá Sjónarhóli

12-14 Mikilvægt að slá skjaldborg um
Sjónarhól á niðurskurðartímum
- Rætt við Guðrúnu Elviru Guðmundsdóttur og
Hilmar Dór Sævarsson, foreldra langveikrar stúlku.

15 Ísland dregur vagninn í norrænni
samvinnu, NOBAB
- eftir Leif Bárðarson, formann NOBAB

16 Drekasaga, nýr og skemmtilegur diskur

17 Fjölbreytt starf Hetjanna á Akureyri

18 Vaðlaborgir bíða félaga Umhyggju
og aðildarfélaganna

18 Aðalfundur Umhyggju

FJÓRÐUNGI BREGÐUR TIL FÓSTURS

Löngu áður en austurríski munkurinn Mendel fór að rækta baunir og fylgjast með því hvernig eiginleikar erfðust milli kynslóða, höfðu forfeður okkar áttað sig á samspili erfða og umhverfis. Til merkis um það er þessi vel þekktu þula:

Fjórðungi bregður til föður.
Fjórðungi bregður til móður.
Fjórðungi bregður til fósturs.
Fjórðungi bregður til nafns.

Vigdís Stefánsdóttir er erfðaráðgjafi á Erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítalans. Mynd: Fríða Björnsdóttir.



ERFÐA- OG SAMEINDALÆKNISFRÆÐIDEILD LANDSPÍTALA VEITIR ERFDARÁÐGJÖF Í SAMVINNU VIÐ AÐRAR DEILDIR SPÍTALANS. VIGDÍS STEFÁNSDÓTTIR ERFDARÁÐGJAFI HELDUR UTAN UM DAGLEG STÖRF OG SKIPULAGNINGU ERFDARÁÐGJAFAREININGARINNAR Í SAMRÁÐI VIÐ YFIRLÆKNI DEILDARINNAR, JÓN JÓHANNES JÓNSSON, ÓSKAR ÞÓR JÓHANNSSON KRABBA- MEINSLÆKNI, SÉRFRÆÐINGA Á KVENNASVIÐI OG AÐRA SÉRFRÆÐINGA EFTIR ATVIKUM. EKKI ÞARF AÐ FÁ TILVÍSUN Í ERFDARÁÐGJÖF OG GETUR HVER OG EINN BEIÐ UM HANA BEINT MEÐ ÞVÍ AÐ HÁFA SAMBAND VIÐ DEILDINA.

Erfðasjúkdómar

Dótt erfðasjúkdómar, þ.e. sjúkdómar sem orsakast af breytingum í genum, séu sjaldgæfir í huga flestra er talið að tólfta hver manneskja fái erfðasjúkdóm einhvern tíma á ævinni. Sjúkdómarnir eru margvíslegir og erfðir þeirra geta verið allt frá því að vera einfaldar eða mendelískar til þess að vera mjög flóknar. Oft er reyndar ekki rétt að tala um erfðasjúkdóma heldur frekar einkenni eða ástand sem erfist milli kynslóða.

Hvað er erfðaráðgjöf?

Erfðaráðgjöf er veitt af erfðaráðgjafa og/eða lækni sem hefur sérþekkingu í erfðafræði. Við erfðaráðgjöf fer fram ráðgjöf og mat á einstaklingi og/eða fjölskyldu vegna eins eða fleiri atriða sem snerta arfgenga eiginleika eða sjúkdóma. Erfðamáti og áhætta er útskýrð og sá sem kemur í erfðaráðgjöf (ráðþegi), fær upplýsingar og svör við spurningum sínum. Læknisfræðileg hugtök eru útskýrð og gerð er áætlun um meðferð, ef þarf. Veittar eru upplýsingar um rannsóknir, vísað á frekari upplýsingar og innlenda sem erlenda stuðningshópa. Farið er yfir ýmsa félagslega þætti og rætt um hugsanleg siðferðisleg málefni sem upp geta komið í sambandi við sjúkdóma, greiningu og meðferð. Oft þarf nokkur viðtöl og getur erfðaráðgjöf tekið nokkra mánuði og í einstaka tilfellum meira en ár. Stundum þarf aðeins eitt eða tvö viðtöl en það fer eftir eðli sjúkdómsins eða ástandsins sem um ræðir.

Mögulegar ástæður fyrir beiðni um erfðaráðgjöf

Krabbamein: Nokkrir náskyldir einstaklingar hafa fengið krabbamein, krabbamein greinist mjög snemma á ævinni eða sérstök tengd krabbamein eru til staðar innan fjölskyldu.

Á meðgöngu: Saga er um erfðasjúkdóm í fjölskyldunni, fleiri en tvö fósturlát af óútskýrðum ástæðum, niðurstöður fósturrannsóknna gefa vísbendingu um erfðavandamál eða móðir er eldri en 35 ára.

Almennt: Erfðasjúkdómur er þekktur í fjölskyldu eða ráðþegi hefur áhyggur af hugsanlegum erfðasjúkdómi, einstaklingur/-ar með ógreinda sjúkdóma eða einkenni sem gætu verið með erfðasjúkdóm.

Fjölbreytt mál

Erfitt er að segja nákvæmlega til um það hvernig erfðaráðgjöf fer fram því hvert tilvik er einstakt. Það er mismunandi hvort um er að ræða erfðaráðgjöf á meðgöngu, vegna erfðasjúkdóms sem þekktur er í fjölskyldu, vegna barns sem fæðist heilbriggt og verður svo veikt, stundum af óþekktum ástæðum, vegna krabbameina í fjölskyldu eða vegna einstaklings sem hefur alla ævi verið með vandamál án greiningar.

Hvernig fer erfðaráðgjöf fram?

Erfðaráðgjöf er hægt að panta beint og ekki þarf sérstaka tilvísun í hana. Oft er það þó lækni sem sendir beiðni um erfðaráðgjöf. Fyrir fyrsta viðtal er ráðþegi beiðinn um að svara nokkrum spurningum, oftast í síma og eru svörin notuð til þess að teikna ættartré. Ættartré er mikilvægt hjálpargagn í erfðaráðgjöfinni og er notað m.a. til þess að meta erfðamáta sjúkdóma og hverjir í fjölskyldunni eru hugsanlega með líkur á því að fá eða vera með viðkomandi erfðasjúkdóma.

Spurt er um fjölda systkina, aldur og þá sjúkdóma eða einkenni sem geta skipt máli. Einnig er spurt um foreldra og þeirra systkini, afa og ömmu og þeirra systkini og börn.

Spurt er um meðgöngu, fósturlát og fleira eftir atvikum. Í einstaka tilfellum getur kynþáttur og skyldleiki hjóna skipt máli og því er spurt um það. Ekki þarf allar þessar upplýsingar í hvert sinn en það fer eftir eðli viðkomandi sjúkdóma eða einkenna.

Ef ástæða er til, er beiðni um leyfi til að fá að skoða sjúkraskýrslur og þær sóttar ásamt þeim rannsóknarniðurstöðum sem til eru.

Fyrir fyrsta viðtal eru þessi gögn lesin af erfðalækni og erfðaráðgjafa.

Viðtalið


Í fyrsta viðtali þar sem að jafnaði bæði lækni og erfðaráðgjafi eru viðstaddir, er farið yfir fjölskylduupplýsingarnar og ráðþega er gefið færi á að spyrja spurninga og segja hvað hann vill fá út úr erfðaráðgjöfinni. Upplýsingar um sjúkdóminn, ef hann er þekktur, eru veittar og þá um leið hvernig hann erfist. Stundum fer fram sértæk líkamsskoðun eða mat í þessu viðtali.

Ef sjúkdómur hefur ekki þegar verið greindur, er hugsanlega boðið upp á erfðarannsókn og er leitað eftir heppilegri rannsóknarstofu, hér á landi eða erlendis. Það er gert í samvinnu við ráðþega og rætt um mögulegar niðurstöður.

Í næsta viðtali er mögulegt að rætt verði um niðurstöður rannsókna hafi þær verið gerðar. Stundum er ráðlagt að gera fleiri rannsóknir og er það þá rætt áður.

Sjálfræði

Í erfðaráðgjöf er lögð mikil áhersla á að erfðaráðgjöf sé óstýrð. Hver og einn ber ábyrgð á eigin lífi og er mikilvægt að hann ráði því sem viðkemur sinni heilsu. Það er þó algengt að ráðþegi vilji fá sjónarmið eða skoðun ráðgjafa til að auðvelda ákvarðanatöku varðandi ýmsar rannsóknir. Oft er spurt beint: „Hvað myndir þú gera í mínum sporum?“ Því er alltaf erfitt að svara, enda eru aðstæður fólks mjög mismunandi og ekki hægt að setja sig í annarra spor. Hins vegar reynir ráðgjafinn að gera sitt besta til þess að allar upplýsingar, sem þarf til að geta tekið ákvörðun, liggja fyrir. Einnig býður hann stuðning sinn og annars fagfólks eftir atvikum.





ERFÐAFRÆÐI 101

Í NÆR ÖLLUM FRUMUM MANNSINS ER ERFÐAEFNI (DNA) SEM RÆÐUR GERÐ EINSTAKLINGSINS.

Erfðaeefnið geymir upplýsingar um eiginleika einstaklinga og erfðafræði fjallar um það hvernig eiginleikar færast á milli kynslóða. Erfðaeefnið er oftast kallað DNA eða deoxyribonucleic acid (kjarnsýra á íslensku).

Erfðaeefnið er geymt á 46 litningum sem eru í 23 pörum í kjarna nærri allra frumna líkamans. Egg og sæðisfrumur hafa þó aðeins 23 litninga, annan af tveim litningum í parinu.

Tilviljun ræður því hvorn af litningum hvers pars einstaklingur erfir. Við frjóvgun verður samruni sæðis og eggs sem hvort fyrir sig eru með 23 litninga og úr verður nýr einstaklingur með 46 litninga í sínum frumum.

Hann erfir þannig 23 litninga frá föður og 23 litninga frá móður sinni.

Litningarnir 23 skiptast í 22 pör A-litninga (sjálfslitninga) og kynlitninga. A-litningar eru eins hjá öllum, bæði körlum og konum. 23. parið eru kynlitningar sem heita X og Y. Konur hafa tvo X litninga en karlar hafa einn X litning og einn Y litning. Á myndinni sérðu 46 litninga - kynlitningarnir eru X og Y sem merkir að þetta er strákur.

Genin

Dótt genin séu eins hjá mönnum hafa allir einhver breytt gen. Dessi breytileiki ræður meðal annars útlitseinkennum en einnig því hversu miklar líkur eru á því við fáum ýmsa sjúkdóma. Stundum getur eitt breytt gen ráðið því hvort einstaklingur fær sjúkdóm eða ekki en oftast skiptir óbreytileikinn engu máli fyrir heilsu viðkomandi.

Erfðasjúkdómar eru oft flokkaðir eftir því hvort genabreytingin sem veldur sjúkdómnum er á A-litningi eða kynlitningi. Deir eru líka flokkaðir eftir því hvort breytta genið hefur víkjandi eða ríkjandi áhrif. Ef gen hefur ríkjandi áhrif kemur sjúkdómur fram ef einstaklingur hefur erft breytta genið frá öðru foreldranna og genið frá hinu foreldrinu er eðlilegt. Ef genið hefur víkjandi áhrif þarf einstaklingur að hafa erft sama breytta genið frá báðum foreldrum til þess að sjúkdómurinn komi fram. Í þeim tilvikum hefur einstaklingurinn ekkert óbreytt eintak af geninu. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar verið er að meta hvaða einstaklingar í fjölskyldu geta hugsanlega fengið erfðasjúkdóma ef þeir eru til staðar.

KNATTSPYRNUKAPPINN HERMANN STYRKIR UMHYGGJU

Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, á marga góða stuðningsmenn. Kemur það m.a. fram í þeim gjöfum sem félaginu berast og ætlaðar eru til þess að styðja megi sem best við bakið á langveikum börnum. Nýlega barst Umhyggju óvæntur stuðningur sem án efa á eftir að færa félaginu töluvert fé. Þetta voru þrjár keppnisskyrtur fótþakappans **Hermanns Hreiðarssonar**. Ætlunin er að bjóða þær upp og selja hæstbjóðanda en söluverðið mun síðan renna í styrktarsjóð Umhyggju.



HVER BÝÐUR HÆST Í SKYRTUR HERMANNSS?

Deir sem hafa áhuga á að bjóða í keppnisskyrtur knattspyrnukappans Hermanns Hreiðarssonar geta haft samband við skrifstofu Umhyggju. Einnig kemur vel til greina að fara með skyrturnar t.d. á árhátíðir eða aðrar uppákomur þar sem gefa mætti áhugasömum kost á að bjóða í þær, enda gæti það skapað skemmtilega stemningu og keppni meðal viðstaddra.

Hermann leikur sem stendur með Portsmouth á Englandi. Hann var lykilmáður liðsins í fyrra og varð þá fyrsti Íslendingurinn til að verða bikarmeistari í Englandi. „Hann hefur leikið við mjög góðan orðstír og er sá leikmaður sem flestir þjálfarar vilja hafa í sínu liði,“ segir Rútur Snorrason, félagi Hermanns, samstarfs- og umboðsmaður. „Hermann er gríðarlega góð fyrirmynd, bæði utan vallar og innan, enda gefur hann sig alltaf 100% í þau verkefni sem hann tekur sér fyrir hendur. Hermann er fyrirliði íslenska landsliðsins í knattspyrnu og leiðtogahæfileikar hans sagðir ótvíræðir.“

Knattspyrnumaðurinn Hermann hefur ávallt látið góðgerðarmál sig varða. Hann er sendiherra SOS-barnaþorpa og hefur ávallt reynt að sinna og leggja góðum málefnum lið. Rútur segir ástæðu þess að Umhyggja fékk skyrturnar þrjár hafi verið að innan Umhyggju eru mörg aðildarfélög og vonandi muni því sem flestir fá að njóta þess fjárstuðningsins sem leitt gæti af sölu á skyrtunum. „Ætlunin er að styðja enn betur við bakið á félaginu í framtíðinni og vonandi fleiri aðilum líka, t.d. félaginu Blátt áfram.“

Rútur, félagi Hermanns, kom með skyrturnar á skrifstofu Umhyggju. Hann segir um samband þeirra tveggja: „Við Hermann höfum verið bestu vinir síðan við vorum 6 ára gamlir. Við ólumst upp í Vestmannaeyjum og spiluðum saman fótþakka upp alla yngri flokka með ÍBV. Við höfum unnið mikið saman í gegnum tíðina að ýmsum verkefnum og í sumar létum við verða af því að stofna félagið, Herminator ehf., en Hemmi er þekktur undir þessu viðurnefni í Englandi þar sem hann hefur verið atvinnuknattspyrnumaður í 12 ár. Herminator er ætlað að standa að margs konar verkefnum, m.a. tengdum góðgerðarmálum sem eru okkur báðum mjög hugleikin.“

Umhyggja þakkar Hermanni og félagi hans Rúti fyrir að hugsa til félagsins og gefa því kost á að afla fjár með uppboði á skyrtunum góðu.

Árið 2004 stóðu fern samtök, ADHD samtökin, Landssamtökin Droskahjálpi, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja, að stofnun Sjónarhóls, ráðgjafarmiðstöðvar fyrir foreldra barna með sérþarfir. Félögin höfðu þá fundið fyrir þörf á meðal skjólstaðinga sinna fyrir ráðgjafarþjónustu. „Í stað þess að félögin ynnu hvert í sínu horni tóku þau sig saman og stofnuðu Sjónarhól,“ segir Guðríður Hlíf Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri. „Haustið 2003 fór fram landsöfnun í sjónvarpinu og var ákveðið að nota söfnunarféð til kaupa á húsnæði fyrir starfseminu að Háaleitisbraut 13, þar sem einnig eru til húsa stofnfélag Sjónarhóls.“

Ráðgjöfin er endurgjaldslaus

Hjá Sjónarhóli starfa þrír foreldraráðgjafar auk þess sem framkvæmdastjóri sinnir ráðgjöf að hluta. Mikil áhersla er lögð á að þjónustan sé aðgengileg og er ráðgjöf á vegum Sjónarhóls veitt endurgjaldslaus. Þjónusta Sjónarhóls er ætluð öllum, óháð aldri barnsins, einnig þeim sem eiga uppkomin börn og nægir að foreldrarir/fjölskyldan hafi áhyggjur af líðan eða þroska barnsins til að fá þjónustu. Hvorki þarf að liggja fyrir greining eða tilvísun frá fagaðilum þegar tími hjá ráðgjafa er pantaður. „Þjónusta Sjónarhóls nær til alls landsins og ráðgjafar okkar fara á fundi á landsbyggðinni sé þess óskað og er það foreldrum einnig að kostnaðarlausu,“ segir Guðríður Hlíf. „Ráðgjafar Sjónarhóls hlusta á foreldra og leita lausna í samvinnu við þá. Stundum nægja nokkur viðtöl eða símtöl en í sumum tilvikum er efnt til sameiginlegra funda með öllum sem sinna sama barni á mismunandi stöðum.“ Ráðgjafarnir fylgja foreldrum sem þess óska til fundar við lækna, kennara, félagsráðgjafa eða aðra sem veita þeim þjónustu því mörgum finnst betra að hafa einhvern með sér við slíkar aðstæður.

Frá nóvember 2004 til september 2008 voru skráð mál tæplega 1000 barna hjá Sjónarhóli. Rétt er að taka fram að á bak við hvert mál getur legið margra klukkustunda vinna með þátttöku margra aðila sem sinna barninu á mismunandi stöðum. Flest þeirra mála sem til Sjónarhóls koma eru vegna skóla, eða tæpur helmingur, og næst flest eru vegna stuðningsúrræða.

Málþing Sjónarhóls

Sjónarhóll heldur árlegt málþing þar sem áhersla er lögð á að fólkið sjálft, fjölskyldurnar, miðli af reynslu sinni. Einnig er reynt að varpa ljósi á það sem vel er gert í þjónustu fyrir börn með sérþarfir. Efni fyrsta málþingsins sem haldið var árið 2005, var „Virðing og samvinna í þjónustu fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir“. Þar var varpað ljósi á þjónustu ríkis, sveitarfélaga og félagsamtaka við fjölskyldur barna með sérþarfir frá sjónarhóli notenda þjónustunnar. Vakinn var athygli á verkefnum sem miðuðu að samþættingu þjónustunnar og bættri samvinnu notenda og veitenda hennar.

Efni næsta málþings sem haldið var árið 2006 var „Skólagaanga barna með sérþarfir“. Málþingið var mjög vel sótt og yfir 600 manns mættu í Gullhamra í Grafarvogi þar sem þingið var haldið, auk þess sem vel á fjórða hundrad manns fylgdust með í beinni útsendingu á netinu. Dagskráin var mjög fjölbreytt og kom vel fram hversu ólíkar þarfir einstaklinga eru og hversu auðvelt það getur verið, ef vilji er fyrir hendi, að koma til móts við allar þessar þarfir. Eitt af því sem upp úr stóð að loknu málþinginu var mikilvægi þess að efla sjálfstraust nemenda, gefa þeim færi á að byggja upp sínar sterku hliðar og hvetja þau til árangurs og einnig að þess sé gætt að allir nemendur fái stuðning og tækifæri til félagslegrar þátttöku.

ÞJÓNUSTA SJÓNARHÓLS NÆR TIL ALLS LANDSINS

Þörf á ráðgjafarþjónustu fyrir foreldra barna með sérþarfir er brýn en frá stofnun Sjónarhóls hafa tæplega eitt þúsund skjólstaðingar leitað þangað. Guðríður Hlíf Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls, segir starfið fjölbreytt og gefandi en að erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu hafi mikil áhrif á stöðu Sjónarhóls.



Starfsmenn Sjónarhóls. Í fremri röð frá vinstri eru Guðbjörg Andrésdóttir og Hrefna Haraldsdóttir og fyrir aftan þær standa f.v. Jarþrúður Þórhallsdóttir, Inga Birna Sigfúsdóttir og Guðríður Hlíf Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls.



Fundarstjóri og þeir sem fluttu erindi á málþinginu 2008.

„RÁÐGJAFAR SJÓNARHÓLS HLUSTA Á FORELDRA OG LEITA LAUSNA Í SAMVINNU VIÐ ÞÁ. STUNDUM NÆGJA NOKKUR VIÐTÖL Eða SÍMTÖL EN Í SUMUM TILVIKUM ER EFNT TIL SAMEIGINLEGRA FUNDA MEÐ ÖLLUM SEM SINNA SAMA BARNI Á MISMUNANDI STÖÐUM.“

Í fyrra var svo málþingið tileinkað systkinum barna með sérþarfir. Almennu hefur ekki mikið verið fjallað um stöðu og hlutskipti systkina barna með sérþarfir svo ekki var vanþörf á að vekja athygli á reynsluheimi þeirra. Fjöldi einstaklinga á ólíkum aldri var tilbúinn til að tjá sig um reynslu sína af því að alast upp með systkini með sérþarfir. Greinilegt er að ekki hefur verið hugað nægilega að þjónustu við þennan hóp. Það að eiga systkini með sérþarfir hefur mikil áhrif á líf einstaklinga og mikilvægt að í boði sé stuðningur fyrir þessi börn.

Hafinn er undirbúningur að næsta málþingi sem haldið verður 19. mars 2009. Efni málþingsins verður, „Félagsleg staða barna með sérþarfir“.

Þjónusta við landsbyggðina

Frá stofnun Sjónarhóls hefur verið lögð mikil áhersla á að þjónustan

sé fyrir allt landið. Ráðgjafar Sjónarhóls fara á fundi á landsbyggðinni ef þörf er á auk þess sem haldnir eru kynningarfundir og fleira. Fyrir rúmu ári hóf Sjónarhóll að bjóða upp á viðtöl við ráðgjafa á Akureyri til að sinna íbúum Norðurlands. Nú fer ráðgjafi þangað mánaðarlega og tekur á móti foreldrum í viðtöl og hefur verið fullbókað í viðtölin í hvert skipti sem efnt hefur verið til þeirra. „Stefnt er að því að bjóða upp á regluleg viðtöl annars staðar á landinu, eins og t.d. á Egilsstöðum og Ísafirði, en vegna erfiðra aðstæðna í þjóðfélaginu höldum við aðeins að okkur höndum í þeim málum,“ segir Guðríður Hlíf. Hún vonast þó til að hægt verði að bjóða upp á slíka þjónustu fljótlega. Þess ber þó að geta að enn sem fyrr geta fjölskyldur utan af landi haft samband við Sjónarhól ef óskað er eftir að fá ráðgjafa frá Sjónarhóli á fund með foreldrum í þeirra heimabyggð.



GÓÐGERÐAR BINGÓ

Unglingar og starfsmenn í Félagsmiðstöðinni Flógvyn á Kjalarnesi héldu góðgerðarbingó í desember til styrktar Umhyggju, félagslangveikra barna. Þátttaka var góð og tókst að safna 60.000 kr. Þetta kvöld og rennur upphæðin óskipt til Umhyggju. Það var reyndar ekki bara bingó þetta kvöld því krakkar á aldrinum 12-15 ára á Kjalarnesi komu með kökur á hlaðborðið.

Nemendur í unglingadeildinni hafa tekið þátt í ýmsum viðburðum á vegum ÍTR og Samfés í haust, m.a. í Skrekk. Þá var haldið Rimnaflæði í Miðbergi þar sem Stefán Birgir og Brynhildur kepptu fyrir hönd Flógvyn. Síðast en ekki síst kepptu Margrét módel, Rósa, Íris og Helena fyrir hönd Flógvyn í Stíll í Fifunni í Kópavogi. Öll þessi atriði voru sýnd á góðgerðarkvöldinu við mikla ánægju áhorfenda og þátttakanda. Umhyggja þakkar gjöfina.

Nemendaráð félagsmiðstöðvarinnar Flógvyn og Klébergsskóla á Kjalarnesi. Efri röð: Benni, Brynhildur, Gulli, Carlos, Lelita og neðri röð: Árne Haffi, Egill og Stebbi.

RÁÐGJAFARNIR AÐSTOÐA FORELDRA VIÐ AÐ LEITA LEIÐA OG FINNA LAUSNIR

Hjá Sjónarhóli eru starfandi þrír ráðgjafar sem sinna ráðgjafarþjónustu foreldra barna með sérþarfir. Einn þessara ráðgjafa er Hrefna Haraldsdóttir sem starfað hefur með foreldrum barnanna í fjöldamörg árum og hefur því mikla reynslu á þessu sviði. Hún segir bestu reynsluna og þekkinguna koma frá því að vinna með fjölskyldunum sjálfum.

Hlutverk ráðgjafa Sjónarhóls er fyrst og fremst að veita foreldrum barna með sérþarfir ráðgjöf og stuðning. „Ég legg mesta áherslu á stuðninginn og hann getur verið með ýmsu móti,“ segir Hrefna. „Við störfum fyrir foreldrana sem finnst þeir oft á tíðum vera týndir í „kerfinu“. Deir tala um frumskóg og að enginn sé til staðar sem leiði þá í gegnum þennan frumskóg.“ Stuðningur ráðgjafa Sjónarhóls við foreldrana birtist því með ýmsu móti, meðal annars er hann fólginni í því að gefa þeim upplýsingar um rétt sinn og veita leiðbeiningar um það hvar stuðning eða réttindin er að finna.

Sækir fundi með foreldrum
Mjög misjafnt er hvers konar stuðning eða aðstoð foreldrar þurfa þegar þeir koma á fund ráðgjafa Sjónarhóls. Sumum nægir að spjalla við einhvern sem skilur hvað þeir eru að ganga í gegnum en aðrir þurfa frekari aðstoð, eins og t.d. að fá ráðgjafa með sér á fund greiningaraðila eða þjónustustofnana. „Við bendum fólki ekki aðeins á það hvert það skuli leita heldur bjóðumst við gjarnan, ef foreldrarnir vilja, til þess að sækja með þeim fundi og taka þar á málunum með þeim,“ útskýrir Hrefna. Hún fer iðulega sjálf með foreldrunum á fundi þurfi þeir að ræða við lækna, sálfræðinga og/eða aðra greiningaraðila. „Sannleikurinn er sá að þegar þú færð slæmar fréttir um heilsu og þroska barnsins þíns þá með-tekur þú ekki endilega, og af eðlilegum ástæðum, ekki þessi alvarlegu tíðindi á einum fundi. Það getur þurft að hitta sérfræðingana aftur og fá betri upplýsingar. Ég tel að gott væri ef foreldrum væri boðið upp á annað slíkt viðtal stuttu eftir að þeir hafa verið upplýstir um stöðuna í fyrsta sinn. Þá hefðu þeir haft smátíma til að hugleiða málið og koma með spurningar sem þeir vildu bera fram.“

Hrefna segir tilgang þess að fara á fundina með foreldrum vera tvískiptan. Í fyrsta lagi eigi fólk ekki alltaf auðvelt með að skilja þau orð sem greiningaraðilar nota og því sé betra ef einhver sem hefur reynslu og þekkingu á þessum málum sé nærri og geti veitt aðstoð og útskýrt um hvað málið snýst. Með nærveru sinni á fundinum fær ráðgjafinn líka tækifæri til að fá allar upplýsingar beint í æð og á þar með auðveldara með að fylgja málinu eftir þegar fram líða stundir.

Ástandið annað í nágrannalöndunum
Hrefna fékk snemma áhuga á að vinna með foreldrum barna með sérþarfir. Hún var lengi forstöðukona á Lyngási og í starfi sínu þar sá hún hve margt var brotkennt í kringum fjölskyldur barnanna. Ástæðuna segir hún m.a. mega rekja til þess að hér heyra málefni fatlaðra einstaklinga bæði undir ríki og sveitarfélög. „Í löndunum hér í kringum okkur er þetta talið úrelt fyrirkomulag og þar heyra þessi mál nú undir sveitarfélögin. Einnig er vandamál hér á landi að ekki eru öll börn með sérþarfir með skilgreindan rétt til þjónustu og má þar t.d. nefna börn með ADHD. Getur það haft í för með sér að foreldarnir þurfa í sumum tilvikum að standa í stöðugri baráttu varðandi rétt barna sinna til þjónustu. Foreldrar geta átt í erfiðleikum með að fá upplýsingar um réttinn og þurfa jafnvel að sækja hann. Upplýsingarnar koma ekki alltaf sjálfkrafa til þeirra.“ Hrefna bendir þó á að bylting hafi orðið í málefnum fatlaðra á Íslandi undanfarin ár en þó sé margt sem enn þurfi að bæta.

Reynir á sveigjanleika
Stuðningsþörf fjölskyldna sem leita til Sjónarhóls er mismunandi. Stundum er nóg fyrir fólk að koma í eitt eða tvö viðtöl á meðan aðrir þurfa á mun meiri aðstoð að halda. Hlutverk ráðgjafanna er að finna leiðir til þess að allt gangi sem auðveldast fyrir sig hjá foreldrum og börnum og réttinda þeirra sé gætt til hins ýtrasta. „Það gengur auðvitað misvel,“ segir Hrefna, „og við fáum t.d. gjarnan fulltrúa skóla, þjónustustofnana og annarra sem málefni barna

með sérþarfir heyra undir til að setjast niður með foreldrunum og okkur til að finna viðunandi lausn á málum barnsins. Áherslur foreldra hafa breyst í gegnum árin. Nú orðið vilja yngri foreldrar oft frekar fá þjónustu fyrir barnið inn á heimilið heldur en að fá hana á stofnun. Þá reynir á sveigjanleika þeirra sem þurfa og eiga að veita þessa þjónustu. Við hlustum á foreldrana og reynum svo að gera okkar besta til að finna leiðir til að uppfylla óskir og þarfir hvers og eins.“

Durfa að þekkja vel leiðina að lausninni
Sjónarhóll leggur áherslu á að bið foreldra eftir fundi með ráðgjafa sé sem styst. Í því sambandi segir Hrefna að sem betur fer þurfi fólk ekki að bíða lengi eftir fyrsta viðtali. Hins vegar geti verið einhver bið þegar kalla þarf saman fjölmenna fundi aðila úr ýmsum áttum, en eðli málsins samkvæmt sé slíkt flókið þegar samræma þarf fundartíma margra aðila. Á þeim fjórum árum sem liðin eru frá því Sjónarhóll tók til starfa hefur ekki orðið mikil breyting á málunum sem berast inn á borð til ráðgjafanna. Fólk leitar eftir svipuðum stuðningi og áður og spurningarnar eru þær sömu varðandi það sem menn kalla í daglegu tali „kerfið“. „Við hjá Sjónarhóli þurfum að þekkja vel leiðirnar sem standa til boða,“ segir Hrefna. „Og þótt við séum kannski ekki með öll svörin á reiðum höndum þá vitum við hvar líklegast er að fá svör við fyrirsprungnum fólksins. Við leggjum okkur fram um að vera sveigjanlegar og aðstoða foreldrana á allan hátt.“

Oft geta mál fjölskyldna verið orðin býsna erfið þegar haft er samband við Sjónarhól, enda reyna trúlega flestir í lengstu lög að leysa mál sín eftir bestu getu sjálfir. Þegar fólk leitar svo til Sjónarhóls er það hlutverk Hrefnu og samstarfsfólks hennar að reyna að finna viðeigandi lausn á málum barns og fjölskyldu. Einmitt þá getur verið gott fyrir foreldrana að fá einhvern utanaðkomandi að borðinu sem sér ef til vill lausnir sem geta leitt þá saman sem vinna að velferð barnanna, foreldra og þjónustuaðila. „Lausnina finnum við ekki nema allir vinni sama,“ segir Hrefna Haraldsdóttir ráðgjafi og bætir við að lokum: „Ekki virðast allir foreldrar vita um tilvist Sjónarhóls og gott væri ef fólk innan þjónustukerfanna væri duglegt að benda á okkur.“



Hrefna Haraldsdóttir ráðgjafi með Sjónarhól, húsið hennar Linu langsocks í baksýn. Mynd: Fríða Björnsdóttir

UMHYGGJA FÉKK BRÚÐARGJAFIRNAR

„Við vonumst til að sjá ykkur í sumarstemningu og hátíðarskapi til að samfanga með okkur.“ Þetta stóð á korti sem vinum Valdísar Vilhjálmsdóttur og Dóris Marinós Sigurðssonar barst síðsumars en þau höfðu ákveðið að ganga í hjónaband á þeim vinsæla brúðkaupsdegi „080808“! Margir samfögnuðu brúðhjúnonum og enn fleiri eiga eftir að gleðjast vegna þess sem stóð neðst á boðskortinu: „Gjafir eru vinsamlegast afþakkaðar en við metum mikils stuðning við Umhyggju, félag langveikra barna.“ Margar góðar gjafir bárust inn á reikning styrktarsjóðs Umhyggju en það er sjóður sem veitir styrki þeim sem þurfa vegna langvarandi veikinda barna. Valdís sagði í samtali við blaðamann Umhyggju að þeim Dóri hafi fundist tilvalið að styrkja félagið. „Sjálft eigum við allt sem við þurfum og fannst því skemmtilegra að leyfa öðrum að njóta gjafanna með þessu móti.“ Hún sagðist þekkja vel til fólks sem sé með langveikt barn og sama sé að segja um Dóri og því kom Umhyggja fyrst upp í huga þeirra beggja. Umhyggja þakkar Dóri og Valdís fyrir að beina brúðargjöfunum í Styrktarsjóð Umhyggju.

Reikningur styrktarsjóðs Umhyggju er 0101-15-371020 og kennitalan er 581201-2140. Æskilegt er, en þó ekkert skilyrði, að þeir sem leggja inn á sjóðinn setji nafn eða merki innleggið t.d. sem „brúðargjöf“ eða „afmælisgjöf“, allt eftir því sem við á hverju sinni.



GJAFIR

SPILAR Á KLARÍNETT OG TEIKNADI JÓLAKORT

„Ég fékk lungnabólgu og var í fjórar nætur á Barnaspítala Hringins,“ segir Jenný Elísabet Skaptadóttir sem teiknaði jólakort Umhyggju árið 2008. Á meðan hún var á spítalanum fór hún á föndurstofuna þar sem föndurkonan stakk upp á að krakkarnir teiknuðu mynd sem tengdist jólunum. Jenný Elísabet var svo heppin að hennar mynd var valin á kort Umhyggju; einföld mynd af syngjandi engli. Jenný Elísabet segir að ekki hafi verið slæmt að vera á Barnaspítalanum en hún er þó glöð yfir að hafa ekki þurft að vera þar lengur en raun bar vitni. Hún veiktist um miðjan október og viku eftir að hún kom heim veiktist móðir hennar, Laufey Eydal, af lungnabólunni og lenti líka á spítala. „En ég fékk ekki að taka þátt í neinni keppni,“ segir hún hægjandi. Dóttir Jenný Elísabetu, sem er 11 ára, þykir gaman að teikna hefur hún enn meiri ánægju af að spila á klarínettið sitt. Hún er á þriðja ári í Tónlistarskóla Mosfellsbæjar. Jenný Elísabet á ekki langt að sækja áhugann á tónlistinni og klarínettinu því afi hennar var Finnur Eydal tónlistarmaður sem einmitt spilaði á klarínnett og móðuramma er Helena Eyjólfsdóttir söngkona. Það er því líklegra að við eigum eftir að heyra meira um Jenný Elísabetu og klarínettið hennar í framtíðinni. Mynd: Fríða Björnsdóttir

MIKILVÆGT AÐ SLÁ SKJALDBORG UM SJÓNARHÓL Á NIÐURSKURÐARTÍMUM

Búið var að setja upp jólaskrautið á heimili þriggja lítilla stúlkna í Álafoskvosinni í Mosfellsbæ þótt enn væri nóvember. Ástæðan var að þær Idu Maríu, Emiliönu og Viktoríu Lind hafði langaði að sjá að jólin væru að nálgast. Og hvers vegna ekki að gleðja þær á svona einfaldan hátt? Dags daglega er líf þeirra allra nokkuð frábrugðið lífi þriggja lítilla systra. Viktoría Lind er langveikt barn og á heimili langveiks barns er margt öðruvísi og erfiðara en hjá þeim sem ekki eiga við veikindi að stríða.



Hjónin Guðrún Elvira Guðmundsdóttir og Hilmar Þór Sævarsson með dæturnar þrjár, þær Viktoríu Lind og tvíburasystur hennar Emiliönu og eldri systurina Idu Maríu.



Hjónin Guðrún Elvira Guðmundsdóttir og Hilmar Þór Sævarsson eignuðust tvíburana Emiliönu og Viktoríu Lind í nóvember fyrir fjórum árum. Fyrir áttu þau Idu Maríu, tveggja ára. Öðrum tvíburanum, Viktoríu Lind, var ekki hugað líf meðan á meðgöngunni stóð en hún er með litningagalla, Turner syndrome. Margt fer örðu vísi en ætlað er. Viktoría Lind lifði, fór í erfiða hjartaáðgerð sjö daga gömul og er enn með hjartagalla og lungnasjúkdóm, ásamt því að vera með misvirka lifur og ýmiss önnur afar flókin læknisfræðileg vandamál.

Fengu lítil sem engin svör

Fjölskyldan hefur þurft að ganga í gegnum mikla erfiðleika undanfarin fjögur ár en tekist á við þá af mikilli yfirvegum og dugnaði. Durft hefur að leita sér aðstoðar víða, og þar á meðal hjá Sjónarhóli, ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir, sem nýst hefur þeim mjög vel.

„Viktoría var nærri eins árs þegar hún kom heim af spítalanum. Á þessu fyrsta ári höfðum við verið að þvælast milli manna í leit að upplýsingum um rétt okkar, og með lakan árangur. Við hittum félagsráðgjafa þremur dögum eftir að tvíburarnir fæddust og höfðu þá margar spurningar sem ekki hafa fengist svör við enn. Eftir að tvíburarnir fæddust höfðum við oft á tilfinningunni að við værum líklega fyrsta fjölskyldan á Íslandi sem eignaðist langveikt barn. Stöðkerfið sem átti að halda utan um fjölskyldu veika einstaklingsins virtist ekki vera til.“

Hjá Sjónarhóli fékkst loks stuðningur

Að nokkrum tíma liðnum rötuðu Hilmar og Elvira til Sjónarhóls og hittu þar fyrir Hrefnu Haraldsdóttur ráðgjafa. „Þá fyrst fengum

við einhverjar upplýsingar af viti um það á hverju við ættum rétt í kerfinu og hvar það væri að fá. Við fórum strax á Greiningarstöð ríkisins og fengum aðstoð Maríu Játvarðardóttur og síðan hafa þær Hrefna verið ágætis teymi og ráðlagt okkur um alla hluti.

Við skiljum ekki af hverju starfsfólkið á spítalanum beindi okkur ekki fyrr þessa leið. Það hefði hjálpað okkur ótrúlega mikið. Við vorum lengi með mikið af ósvörðum spurningum og vissum ekki hvernig við áttum að bregðast við með nýfætt langveikt barn.“

Fyrir rúmu ári var, að frumkvæði Hrefnu Haraldsdóttur, komið á sérstökum samráðsfundum. Þar mæta, auk foreldranna og Hrefnu, félagsmálafulltrúar úr Mosfellsbæ, fulltrúi frá Svæðisstjórn fatlaðra, Greiningarstöðinni og frá heimahjúkruninni. „Á tímabili var svo komið að okkur fannst eins og hægri höndin vissi ekki hvað sú vinstri væri að gera og Viktoría Lind þarf á svo margvíslegri þjálfun og hjálpa að halda. Hrefna boðar til þessara funda og stýrir þeim og eftir að þeir komu til hefur verið miklu meira samráð í meðferðinni allri. Á fundunum hefur Hrefna látið fólkið tala saman um það hvernig það ætli að halda utan um þessa litlu stelpu. Ef eitthvað vantar uppá kippir hún því í liðinn. Hún er tengiliðurinn.“

Það er ótrúlega þægilegt að Sjónarhóll skuli vera miðjunkturinn þar sem hægt er að fá hjálpa á hlutlausan hátt. Hjá Sjónarhóli er fólkið ævinlega tilbúið að styðja við bakið á okkur og það á okkar forsendum. Fólkið lætur sig málin varða, stýrir manni og hefur skilning á aðstæðunum.“

Rjóðrið hennar „leikskóli“

Óhjákvæmilegt er að spyrja sig hvernig mál Viktoríu standi í dag og ekki síður systra hennar, sem vissulega hafa ekki farið varhluta af erfiðleikunum sem fylgja því að eiga langveika systur.

„HJÁ SJÓNARHÓLI ER FÓLKIÐ ÆVINLEGA TILBÚIÐ AÐ STYÐJA VIÐ BAKIÐ Á OKKUR OG ÞAÐ Á OKKAR FORSENDUM. FÓLKIÐ LÆTUR SIG MÁLIN VARÐA, STÝRIR MANNI OG HEFUR SKILNING Á AÐSTÆÐUNUM.“

HÚN HEFUR ALDREI ORÐIÐ ÞAÐ HRESS AÐ HÚN GETI VERIÐ Í LEIKSKÓLA MEÐ TVÍBURASYSTUR SINNI EN HEFUR HINS VEGAR FENGIÐ AÐ FARA NOKKRUM SINNUM Í VIKU, Í NOKKRA TÍMA Í SENN, Í RJÓÐRIÐ SEM ER HVÍLDAR- OG ENDURHÆFINGARHEIMILI FYRIR LANGVEIK OG LANGVEIK FÖTLUÐ BÖRN.

Hilmar og Elvira segja að Viktoría geti sýnst ótrúlega hress, eins og raun bar vitni þegar ég sat og spjallaði við þau. Hún skottaðist í kringum okkur og talaði við okkur eins og ekkert hefði í skorist. En þótt hún líti svona vel út getur hún, að sögn foreldranna, á næsta augnabliki verið orðin svo lasin að hún þurfi að fara beint upp á Barnaspítala. Hún hefur aldrei orðið það hress að hún geti verið í leikskóla með tvíburasystur sinni en hefur hins vegar fengið að fara nokkrum sinnum í viku, í nokkra tíma í senn, í Rjóðrið sem er hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik og langveik fötlúð börn. Á það lítur hún sem sinn „leikskóla“. Auk þess er hún þar eina helgi í mánuði. Það skiptir fjölskylduna miklu því að þá geta foreldrarnir verið meira með ldu Maríu og Emilíönu sem oft verða að sjá af þeim upp á spítala til að vera hjá veiku systurinni.

Gott að láta sig dreyma

